



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2648
komudagur 29.5.2012

Allsherjar- og menntanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð (heildarlög), 765. mál

Samtökin fagna því mjög að drög að frumvarpi um vinnustaðanámssjóð hafa litið dagsins ljós. Hér er stigið skref í þá átt að menntakerfið greiði þeim sem taka að sér vinnustaðakennslu en hingað til hefur það greitt einungis fyrir þann hluta starfsnáms sem fram fer innan veggja skóla. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda í nefndum um starfsmenntun hafa lengi talað fyrir því að slíkum sjóði yrði komið á til að tryggja eins og hægt er að starfsnám ungmenna sé vandað og skilvirkt fyrir nemendur, fyrirtæki og þar með samfélagið allt. Samtökin hafa á undanförunum árum bent á nauðsyn þess að koma sjóðnum á í umsögnum sínum m. a. í umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla sem dagsett var 22.01.2008. Í því var ekki kveðið á um vinnustaðanámssjóð en hann nefndur í greinargerð með því. Í umsögn samtakanna sagði;

„Samtökin telja stofnun þessa sjóðs eina mikilvægustu forsendu fyrir því að vel takist til um þær breytingar sem þetta frumvarp kveður á um. Samtökin hvetja því til að gengið verði í að stofna þennan sjóð hið allra fyrsta“

Fram kemur í 1.gr. þessa frumvarps að eingöngu er um að ræða styrk til þess hluta námsins sem fer fram í atvinnulífinu. Þessu er mikilvægt að halda til haga. Kennsla á vinnustað er frábrugðin kennslu í skólum. Óþarft er að orðlengja mikið um þann mun, m.a. fellur vinnustaðakennsla utan þess ramma sem settur er um menntun kennara.

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ásamt síðari breytingum er kveðið á um vinnustaðanám í 28. gr. Þar segir:

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á almennum ákvæðum aðalnámskrár um nám á vinnustað.

Starfsþjálfunarsamningar skulu gerðir við upphaf vinnustaðanáms og kveða á um rétt og skyldur vinnuveitanda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit.

Sé þörf á því að gera sérstakan ráðningarsamning milli nema og vinnuveitanda skal skóli staðfesta hann. Skulu slíkir samningar vera í samræmi við gildandi kjarasamninga um nema í viðkomandi starfsnámi.

Starfsgreinaráð skulu halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms.

Ráðherra getur með samningi falið skóla eða öðrum aðila umsýslu með gerð og skráningu samninga og eftirlit með þeim. Jafnframt má fela fulltrúa á vegum slíks umsýsluaðila að staðfesta og eftir atvikum að slíta námssamningi, enda sé þá gætt málsmeðferðar samkvæmt stjórnáskilum og nánari fyrirmælum í starfsþjálfunar- eða ráðningarsamningi. Verði ágreiningur um réttindi eða skyldur nemenda vegna framkvæmdar umsýsluaðila sker ráðherra úr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda, að setja reglugerð um vinnustaðanám, starfsþjálfun á vinnustað og um heimildir skóla til þess að fela aðila utan hans umsýslu með starfsþjálfunarsamningum, sbr. 5. mgr.

Samtök atvinnulífsins telja að í þessari grein komi skýrt fram verkaskipting stjórnvalda, skóla, starfsgreinaráða, vinnuveitenda og nemenda.

Í 2.gr. þessa frumvarps segir réttilega:

Hlutverk vinnustaðanámssjóðs er að bæta stöðu starfsmenntunar og stuðla að eflingu vinnustaðanáms með því að:

- auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla,
- koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og
- auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning.

Í athugasemdum við þessa grein er „gert ráð fyrir að gerðar verði meiri og skýrari kröfur um gæði námsins, skipulag þess og framkvæmd en verið hefur.“ Samtökin ítreka að aðkoma atvinnulífsins að mótun þessara krafna hlýtur að verða mun meiri en samsetning stjórnar, eins og hún liggur fyrir í frumvarpinu, gefur tilefni til að ætla. Mikilvægt er að þetta séu "raunhæfar" kröfur sem atvinnulífið er sammála um að skipti máli.

Í ljósi alls þessa gera samtökin athugasemdir við 3. gr. þessa frumvarp. Samsetning stjórnar sjóðsins endurspeglar ekki að mati samtakanna vægi þeirra sem að verkefninu koma og ábyrgð fyrirtækja og meistara. Erfitt að sjá rökin fyrir því að Kennarasamband Íslands eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins. Ennfremur væri ef til vill rökréttara og skilvirkara að sjá fulltrúar iðnmenntar, sambandi iðnmennta-skólanna, fremur en Félag íslenskra framhaldsskólakennara tilnefnda í stjórnina.

Þá vænta samtökin þess að skipan fulltrúa mennta- og menningarmálaráðherra tryggji að sjónarmið starfsgreinaráðanna komi fram í stjórn sjóðsins.

Með þessum breytingum telja samtökin að virt væru þau jafnræðissjónarmið sem talað er um í athugasemdum með 3.gr.

Í 4.gr. segir, „Við mat á umsóknum er stjórninni heimilt að leita umsagnar fagaðila.“ Um þennan sjóð á að vera auðvelt að setja skýrar kröfur og úthlutunarreglur. Samtökin eiga erfitt með að átta sig á hvaða þættir verða matskenndir. Samtökin leggja til að síðasta setning þessarar greinar verði felld út.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að til greina komi að binda úthlutun styrkja við þrepaskiptingu vinnustaðanáms samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla og því velt upp að einungis nám á fyrsta hæfniþrepi væri styrkhæft, eða nám á fyrsta og öðru þrepi, en vinnustaðanám eða þjálfun á 3. hæfniþrepi njóti almennt ekki styrkja þar sem vinna nemandans væri þá orðin arðbær fyrir viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Skiptar skoðanir eru um þetta. Samtökin leggja til að umræða um þetta atriði fari fram í stjórninni og að ekki verði litið svo á að í greinargerðinni felist leiðbeining um það hvernig þeirri umræðu verði lent.

Verði frumvarp þetta að lögum hefst þriggja ára þróunartímabil sjóðsins. Mikilvægt er að vel takist til og sjóðurinn verði sá bakhjarl vinnustaðanáms sem stefnt er að. Samtök atvinnurekenda vilja leggja sitt af mörkum til að svo megi verða og leggja áherslu á að unnið verði áfram í náinni samvinnu og sátt við atvinnulífið að þessum málum.

Virðingarfyllst,



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Samtaka iðnaðarins



F.h. Landsambands íslenskra útvegsmanna



F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



F.h. Samtaka verslunar og þjónustu



F.h. Samtaka fiskvinnslunnar